## 1) Neðri tækjastikan - hnappar




Með því að smella á þessa hnappa er hægt að setja merkingar inn á kortið og stjórna hvernig það lítur út.

## 2) Vinstri tækjastikan – stillingar

Hægt er að stilla stað, tíma, landslag, o.fl.



# 3) Staðsetningar gluggi

Hægt að velja úr ótal stöðum eða slá inn hnit.

Ath! Þótt staðnum sé breytt þá breytist landslagið ekki (það þarf að skipta um landslagsmynd sérstaklega).



# 4a) Himins og útsýnis gluggi – Himinn

Hér er hægt að stilla útlit stjarna, fjölda stjörnuhrapa o.fl.




# 4b) Himins og útsýnis gluggi – Merkingar

Hér er hægt að setja inn hnitakerfi og stilla stjörnumerki.
Ath! Himinflött vörpun er sjálfgefin.




# 5) Stjörnumerki-flipinn

Hér er hægt að velja ólík stjörnumerkjakerfi. Prófið! :-)

# 6) Hjálpargluggi - flýtiskipanir

Hægt er að smella á spurningamerkið í tækjastikjunni vinstra megin til þess að fá leiðbeiningar um notkun forritsins.




Dæmi um algengar aðgerðir:

| | |
|---|---|
| *j / k / l* | Hægja á tíma / Stöðva / Hraða tíma |
| *músarhjól (upp/niður)* | Aðdráttur / Minnkun |
| *Win: Page up/Page down* | Aðdráttur / Minnkun |
| *Mac: slaufa+upp/slaufa+niður* | Aðdráttur / Minnkun |
| *Vinstri músarhnappur* | Velja fyrirbæri |
| *Hægri músarhnappur* | Hafa ekkert fyrirbæri valið |
| *SPACE* | Hafa fyrirbærið í miðjum glugganum |
| *t (tvisvar sinnum)* | Elta fyrirbæri á himninum |
| *r* | Stjörnumerkjamyndir |

# 7) Stjörnuhiminninn frá öðrum hnetti í sólkerfinu

Með því að velja tungl eða reikistjörnu í sólkerfinu og ýta á Ctrl+G er hægt að ferðast þangað og virða fyrir sér stjörnuhimininn eins og hann lítur út frá hnettinum.




Hér að neðan erum við stödd á tunglinu. Búið er að velja landslagsmynd frá tunglinu og taka burt áhrif lofthjúpsins. Himinninn er kolsvartur því á tunglinu er ekkert andrúmsloft. Reikistjörnurnar jörðin og Mars sjást á myndinni.

